

Persónuverndarstefna FÍA

Öll meðferð persónuupplýsinga hjá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, sem hér eftir verður kallað FÍA, skal uppfylla ítrustu kröfur persónuverndarlöggjafar hverju sinni. FÍA gefur út þessa persónuverndarstefnu í samræmi við gildandi lög um persónuvernd sem byggja á reglum Evrópusambandsins. Helstu markmið laganna eru að auka vernd og réttindi einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga sem stuðlar að frjálsu flæði slíkra upplýsinga.

Í persónuverndarstefnu þessari er greint frá hvernig FÍA stendur að söfnun, skráningu, vinnslu, vistun og miðlun á persónuupplýsingum félagsmanna sem og þeirra sem heimsækja heimasíðu FÍA. Þetta gildir bæði fyrir upplýsingar sem geymdar eru á rafrænu formi, á pappír eða með öðrum hætti.

Það er afar mikilvægt að starfsfólk, stjórn og nefndarmenn FÍA fái fræðslu um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en jafnframt að persónuverndarstefna þessi sé aðgengileg félagsmönnum FÍA á heimasíðu stéttarfélagsins.

❖ Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili að vinnslustarfsemi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, kt. 530169-3839.

Símanúmer stéttarfélagsins er 599-1199 og netfang þess fia@fia.is.

❖ Hverjir eru skráðir einstaklingar hjá stéttarfélaginu? Hvaða persónuupplýsingum safnar FÍA um sína félagsmenn?

Skráðir einstaklingar hjá stéttarfélaginu eru félagsmenn þess. Persónuupplýsingar eru hvers konar upplýsingar sem auðkenna einstakling eða má nota til að hafa samband við tiltekinn einstakling.

Þær persónuupplýsingar sem FÍA safnar um sína félagsmenn eru eftirfarandi:

- Upplýsingar við skráningu í stéttarfélagið, þar á meðal nafn, kennitala, heimilsfang, símanúmer, netfang, vinnustaður, bankareikningur og hjúskaparstaða.
- Iðgjaldsaga og samskiptasaga.
- Umsókn um styrki í sjóði félagsins. Þeir sjóðir sem um ræðir eru Sjúkrasjóður FÍA, Orlofssjóður FÍA og Starfsmenntasjóður FÍA.

❖ Tilgangur með söfnun persónuupplýsinga

Í fyrsta lagi notar stéttarfélagið persónuupplýsingar til að veita tiltekna þjónustu samkvæmt lögum og reglum félagsins. Sú þjónusta er meðal annars skilgreind í 2. gr. laga félagsins. Að auki er þjónusta veitt vegna kjaramála sem koma á borð félagsins. Slík kjaramál styðjast að meginstefnu við upplýsingar sem félagsmaðurinn er beðinn um að afhenda FÍA svo unnt sé að gæta hagsmuna hans. Í þessum tilfellum byggist vinnsla persónuupplýsinga fyrst og fremst á samþykki félagsmannsins. Í öðru lagi eru persónuupplýsingar notaðar við mótun kröfugerðar fyrir hönd félagsmanna. Í hana eru notaðar launaupplýsingar félagsmanna, sem byggjast á upphæð greiddra iðgjalda til félagsins. Í þriðja lagi eru persónuupplýsingar nauðsynlegar svo að félagið geti átt í viðeigandi samskiptum við félagsmenn með símtölum eða tölvupósti.

❖ Lagalegur grundvöllur fyrir vinnslu og meðalhóf

FÍA safnar og vinnur persónuupplýsingar á lagalegum grundvelli til þess að uppfylla samningsskyldu og lagaskyldu. Þær eru einnig nauðsynlegar til að vernda brýna hagsmuni félagsins og félagsmanna og til að stýra starfsemi félagsins. Við vinnslu allra persónuupplýsinga skulu lögmætir hagsmunir vinnslu auk meðalhófs ávallt vera höfð í fyrirrúmi.

❖ Meginreglan um eyðingu persónuupplýsinga

FÍA geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem þykir nauðsynlegt til að uppfylla tilgangi vinnslunnar eins og kemur fram hér að ofan. Meginregla félagsins er að öllum persónuupplýsingum sé eytt um leið og þeirra er ekki þörf lengur fyrir vinnslu mála. Bókhaldsupplýsingar skal þó geyma í 7 ár frá öflun þeirra samkvæmt lögum. Þetta á sérstaklega við um upplýsingar sem tengjast kjaramálum, til að mynda launaseðlum og tímaskriftum. Iðgjaldasaga félagsmanna, til að mynda upplýsingar um greislur úr sjóðum félagsins og upplýsingar um aðstoð félagsins í kjaramálum eru aftur á móti undantekningar.

❖ Réttindi hins skráða

Samkvæmt persónuverndarlögum eiga félagsmenn FÍA rétt á að fá upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar eru til á skrá hjá félaginu sem og upplýsingar um vinnslu á tilteknum upplýsingum, svo og rétt til aðgangs að persónuupplýsingum um sig, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Einnig er það réttur félagsmanna að uppfæra persónuupplýsingar sem eru rangar eða ófullkomnar og fá þeim eytt sem ekki eru málefnaleg eða lagaleg skylda til að varðveita.

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu persónuupplýsinga til að takmarka eða koma í veg fyrir vinnslu þeirra. Félagsmenn hafa einnig þann rétt að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi sjá þeir ástæðu til.

Vilji félagsmenn fá aðgang að gögnum skal fylla út neðangreint eyðublað og senda í tölvupósti á netfangið fia@fia.is. Skrifstofa FÍA afgreiðir beiðnina þína svo fljótt sem verða má.

[Beiðni um upplýsingar á grundvelli persónuverndarlaga \(Word\)](#)

[Beiðni um upplýsingar á grundvelli persónuverndarlaga \(PDF\)](#)

❖ Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila

FÍA selur ekki undir neinum kringumstæðum persónuupplýsingar um félagsmenn eða starfsmenn. Persónuupplýsingum er einungis miðlað til þriðja aðila ef um lagalega skyldu er að ræða eða ef FÍA hefur ráðið verktaka, þjónustuveitanda eða umboðsmann til að vinna fyrirfram ákveðna vinnu. Í slíkum tilfellum er gerður vinnslusamningur við viðkomandi aðila til að halda persónuupplýsingum öruggum og ríkir fullur trúnaður við vinnslu þeirra. Dæmi um það er miðlun lista yfir kjörgenga félagsmenn, þ.e. kjörskrá, til vinnsluaðila vegna rafrænna kosninga á vegum FÍA. Skal öllum slíkum upplýsingum miðlað í gegnum örugga gátt og eytt þegar þeirra er ekki þörf lengur.

❖ Upplýsingaöryggisstefna og tilkynning um öryggisbrot

FÍA hefur sett sér upplýsingaöryggisstefnu þar sem settar eru nánari verklagsreglur fyrir starfsmenn, stjórnarmenn og nefndarmenn varðandi öryggisbresti og viðbrögð við þeim.

Eigi sér stað öryggisbrot skal það tilkynnt Persónuvernd við fyrsta tækifæri og eigi síðar en 72 klst frá því að stéttarfélagið verður við það vart. Einnig skal félagsmönnum og öðrum skráðum einstaklingum tilkynnt um öryggisbrotið á tryggan og áreiðanlegan hátt innan sömu tímamarka.

❖ Tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir

Félagakerfi stéttarfélagsins er aðgangsstýrt til þess að tryggja ýtrustu persónuvernd skráðra einstaklinga. Einungis þeir starfsmenn sem þurfa nauðsynlega aðgang að tilteknum upplýsingum um skráðan einstakling vegna vinnu starfsmannsins f.h. stéttarfélagsins, hafa aðgang að viðkomandi upplýsingum.

❖ Notkun á vafrakökum (e. cookies)

FÍA notar Google Analytics til vefmælinga. Við hverja komu inn á vefinn eru nokkur atriði skráð í vafrakökum og eru þessar upplýsingar eingöngu notaðar til að bæta vefinn og viðmót hans svo hann gagnist félagsmönnum betur, t.d. upplýsingar um það efni sem notendur sækjast mest eftir og fleira.

❖ Vinnsluaðilar stéttarfélagsins

Nánari skilgreining á sambandi stéttarfélagsins við vinnsluaðila, hvaða vinnsla fer fram og með hvaða upplýsingar unnið er með.

- DK hugbúnaður ehf, kt. 661198-2499. Hugbúnaðarþjónusta, reka DK hugbúnaðarkerfið. Í kerfið eru skráðar upplýsingar um félagsmenn og starfsmenn og greiðslur þeirra til félagsins. Einnig er kerfið notað í bókhald félagsins.
- Dorado ehf, kt. 520814-0860. Hugbúnaðarþjónustan sem rekur orlofshúsavefinn Frímann. Orlofshús FÍA eru bókuð í gegnum vefinn.
- 2Way ehf, kt. 640614-1020. Hugbúnaðarþjónusta sem rekur þjónustuvef fyrir snjalltæki (app). FÍA appið er vistað þar og allir virkir félagsmenn eru skráðir í bakenda kerfisins.
- Overcast ehf, kt 510413-0670. Vefumsjón þar sem félagsmenn FÍA eru skráðir í kerfið, þar er stýrt aðgangi að kjarasamningum.
- LAG lögmenn sf, kt. 470186-1519. Veitir ráðleggingar ýmissa mála sem kunna að koma upp hjá félaginu þá aðallega mál sem hefur verið vísað til félagsdóms. Til að veita lögfræðileg álit þarf oft að upplýsa um margs konar persónugreinanleg málefni félagsmanna.
- Hugvit hf, kt. 661196-2119. GoPro er hugbúnaður sem heldur utan um verkefni og upplýsingar.
- Advania, kt. 590269-7199. Sér um að hýsa tölvukerfi, þ.m.t. tölvupóstföng félagsins.
- Outcome, kt. 690714-0780. Sér um að framkvæma rafrænar kosningar fyrir FÍA.

Gerðir hafa verði vinnslusamningar við framangreinda aðila í þeim tilgangi að vernda persónugreinanleg gögn í samræmi við löggjöf um persónuvernd.

❖ Fyrirvari varðandi tölvupósta á vegum FÍA

Eftirfarandi fyrirvari á við um alla tölvupósta sem sendir eru á vegum FÍA: *Fyrirvari þessi er órjúfanlegur hluti af tölvupósti sem þér hefur borist frá Félagi Íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA). Tölvupósturinn og hvers konar viðhengi kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar sem eingöngu eru ætluð þeim sem þau eru stíluð á og skal ekki senda áfram á þriðja aðila. Ef þú hefur fengið skeytið fyrir mistök er hvers konar upplýsingagjöf, afritun eða dreifing af þinni hálfu óleyfileg og kann að varða við lög. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi ertu vinsamlega beðin(n) um að tilkynna mistökin til sendanda sem allra fyrst með því að svara tölvupóstinum, eyða að því loknu bréfinu og viðhengjum, ef einhver eru, án þess að geyma afrit.*